

33. gr.

58

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 29, 22. okt. 1912, um 14. júní eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

um

59

14. júní

kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 22. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, höfum látið færa breytingarnar inn í meginmál téðra laga frá 1926, og gefum þau hérmeð út sem lög um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

I. KAFLI.

Um kosningarrétt og kjörgengi.

1. gr.

Rétt til þess að kjósa hreppsnefndarmenn, sýslunefndarmenn, bæjarfulltrúa og alla aðra starfsmenn í hreppum og kaupstöðum, er almenningur kýs, hafa allir, konur sem karlar, er þeir:

1. Eru fullra 21 árs gamlir á kjördegi.
2. Eru fjár síns ráðandi.
3. Eru íslenzkir ríkisborgarar eða hafa jafnan rétt við þá,

- 59 4. Hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið
14. júní fyrir kjördag.
5. Hafa óflekkað mannorð.
6. Standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk vegna leti, óreglu eða
hirðuleysis sjálfs sín.
Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með
manni sínum.

2. gr.

Sá, er kjörgengur til starfa samkvæmt 1. gr., sem kosningar-
rétt hefir.

Ekki mega hjón né menn skyldir að feðgatali eða niðja sitja sam-
tímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

3. gr.

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60
ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn.
Þeim, er setið hafa í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskyldt að taka við
kjöri fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti.

4. gr.

Kjörstjórn úrskurðar um kjörgengi til bæjarstjórnar og hrepps-
nefnda. Skjóta má úrskurði kjörstjórnar til hreppsnefndar í hreppnum
og bæjarstjórnar í kaupstöðum. Hreppsnefnd og bæjarstjórn úrskurðar,
hvort aðili hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn eða víkja
honum frá starfanum. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefnd-
aroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til atvinnumálaráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsg. segir, ef sýslu-
nefndarmaður á hlut að máli.

Ef manni er vikið úr sýslunefnd eða bæjarstjórn, þá getur hann
bórið málið undir atvinnumálaráðherra.

Úrskurði sýslunefndaroddvita og atvinnumálaráðherra eftir þessari
grein má skjóta til dómstólanna.

II. KAFLI.

Um kjörtíma, kjörskrá, kjörstjórnir o. fl.

5. gr.

Í kaupstöðum skal bæjarstjórn vera skipuð 6—15 bæjarfulltrúum.
Atvinnumálaráðherra ákveður töluna í hverjum kaupstað samkvæmt til-
lögum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúanna.

6. gr.

59

Bæjarfulltrúa og varafulltrúa þeirra skal kjósa leynilega með hlut-^{14.} júní fallskosningu til 4 ára. Í janúarmánuði 1930 skal kjósa fulla tölu bæjarfulltrúa og varafulltrúa í öllum kaupstöðum landsins, og fellur þá jafnframt niður umboð hinna eldri fulltrúa. Kosningar fara síðan fram í janúarmánuði 4. hvert ár á öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum. Fráfarandi fulltrúa má endurkjósa, nema þeir hafi í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn tilkynnt kjörstjórn, að þeir skorist undan endurkjöri samkvæmt heimildinni í 3. gr.

Varafulltrúar taka sæti í bæjarstjórn í forföllum bæjarfulltrúa eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Sá, sem er næstur að atkvæðamagni þeim, sem kosningu hlýtur á hverjum lista sem bæjarfulltrúi, skal vera fyrsti varafulltrúi þess lista um kjörtímabil það, sem listinn á við, og svo hver af öðrum, sem næstur er að atkvæðamagni innan listans.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um, hvenær varafulltrúi skuli taka sæti í forföllum bæjarfulltrúa.

7. gr.

Í hreppi hverjum skal vera hreppsnefnd, skipuð 3—7 mönnum, svo sem verið hefir, og eru þeir kosnir til 6 ára í senn. Fjölga má hreppsnefndarmönnum úr 3 í 5 og 5 í 7, með samþykki sýslunefndar. Fara hreppsnefndarmenn frá á hverjum 3 ára fresti kjörtímabils, meiri hlutinn hið fyrra skiftið, en minni hlutinn hið síðara.

8. gr.

Kosningar hreppsnefndarmanna fara fram á vorhreppaskilapingi. Þó mega kosningar fara fram að haustinu, ef meiri hluti hreppsfundar kveður svo á. Ef hreppi er skift, skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum jafnskjótt og því verður við komið.

Nú fer maður úr hreppsnefnd áður en kjörtími hans er liðinn, og skal þá kjósa í stað hans fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

9. gr.

Hreppsnefnd í hreppum og bæjarstjórn í kaupstöðum skal árlega, í hreppum fyrir 15. apríl og í kaupstöðum fyrir 15. desember, semja eða láta semja skrá yfir alla kjósendur í kjördæminu, er á kjördegi hafa kosningarrétt. Skulu þar vera í stafrófsröð nöfn kjósenda með stöðu, heimili og aldri. Skráin skal liggja til sýnis almenningi á hentugum stað að minnsta kosti 14 daga. Kærun vegna þess, að einhver sé vantalinnt eða oftalinnt á skrá, skulu vera komnar í hendur hreppsnefndar eða bæjarstjórnar eigi síðar en viku eftir að skráin lá frammi, og úrskurðar hún kæurnar innan 3 daga þar frá.

59

10. gr.

14. júní

Hverju sinni, er kjósa skal bæjarfulltrúa, hreppsnefndarmenn eða aðra starfsmenn í hreppum eða kaupstöðum, skal kjörstjórn skipuð 3 mönnum, er stýra kosningu. Kýs bæjarstjórn alla 3 og 2 til vara með hlutfallskosningu. Kjörstjórn í kaupstöðum velur sér sjálf oddvita.

Í hreppum er hreppsnefndaroddviti formaður kjörstjórnar, og auk hans eiga sæti í kjörstjórninni 2 menn, er hreppsnefnd kýs í hana.

Í hreppum skal geta kosningar í hreppsfundarboði. Ef leynileg kosning hefir verið ákveðin, skal hreppsnefnd auglýsa það viku fyrir kjörfund. Í kaupstöðum auglýsir kjörstjórn kjörfund, stað og stund, með hæfilegum fyrirvara, í blöðum eða með þeim hætti, er almennar auglýsingar eru þar birtar á staðnum.

III. KAFLI.

Um kosningarathöfn.

11. gr.

Skrá skal á lista nöfn þeirra fulltrúaefna, sem stungið er upp á, og skulu þau að jafnaði vera tvöfalt fleiri en kjósa á bæjarfulltrúa. Lista skal afhenda oddvita kjörstjórnar eigi síðar en á hádegi 14 dögum á undan kosningu, og skal oddviti gefa vottorð um móttöku listans. Undir hverjum lista skulu vera skráð nöfn meðmælenda, ásamt stöðu þeirra og heimili. Skulu þeir eigi vera færri en 100 í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum eigi færri en 20.

Gildur er listi, þótt á honum standi færri nöfn fulltrúaefna en að ofan segir, en ógildur ef fleiri eru. Fullt nafn hvers fulltrúaefnis, ásamt stöðu og heimili, skal á lista setja, svo að eigi verði um villst. Nú er ókjörgengur maður á lista eða eigi þykir öruggt, við hvern er átt, og skal þá strika það nafn af lista.

Úrskurð um útstrikun nafns af lista eða um ógilding lista skal skrá í kjörbók. Kjörstjórn er skylt að láta fulltrúaefni listans eða meðmælenda í té eftirrit af úrskurði áður en kosning byrjar.

Kjörstjórn merkir þá lista, er hún tekur gilda, hvern með sínum bókstaf (A. B. C. o. s. frv.).

12. gr.

Nú eru eigi fleiri menn en á að kjósa á lista eða listum, sem teknir eru gildir af kjörstjórn, af þeim, er koma fram í tæka tíð, og þarf þá engin kosning fram að fara, en kjörstjórn lýsir að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag þá menn kosna, sem listinn eða listarnir greina. Nú skortir á, að full tala sé á slíkum lista, eða listum, þeirra, sem kjósa á, og skal þá

kosning fram fara að nýju á þeim, sem á vantar. Af þeim, sem sjálfkjörnir voru, teljast þeir bæjarfulltrúar, svo langt, er tala þeirra hrekkur. 59 14. júní

Nú hafa listar verið úrskurðaðir og kosning á fram að fara, og skal þá kjörstjórn tafarlaust láta gera kjörseðla og festir jafnframt upp auglýsingu um það, hvaða listar séu í kjöri, með tilgreindum listabókstaf og nöfnum fulltrúaefna.

Á kjörseðli skal öðru megin prenta eða fjölrita þá lista, sem hafa verið teknir gildir, þannig að hver listi, með óbreytttri nafnaröð sinni, sé við annars hlið eftir stafrófsröð með glöggum langstrikum á milli, en þverstrik skulu vera milli nafna á lista hverjum. Fyrirsögn á kjörseðli skal vera: Kjörseðill við bæjarstjórnarkosning í N kaupstað, með dagsetningu og ártali. Eigi má annað á seðil letra en nú var mælt, nema nauðsyn sé á til aðgreiningar samnefndum mönnum.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum og þykkum pappír og brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig að eigi sjáist lettrið á þeim. Skal svo frá broti gengið, að auðvelt sé að leggja þá aftur í sama brot, er þeir hafa verið notaðir.

13. gr.

Bæjarstjórn sér um að atkvæðakassi og kjörklefi sé til taks. Kjörklefi skal vera áfastur herbergi, þar sem kosning fer fram og þaðan aðeins skulu dyr vera í kjörklefa. Tjald skal festa fyrir glugga á kjörklefa, svo að eigi megi inn um hann sjá eða stinga kjörseðli út í glugga, svo að hann sjáist að utan. Lesbjart skal vera í kjörklefa, og vera skal þar borð og nægilega margir almennir, svartir blýantar.

Atkvæðakassi skal vera lokaður með rifu á loki, er stinga skal kjörseðli niður um.

14. gr.

Frá upphafi kosningarathafnar skulu listar með bókstöfum sínum og greinilegum nöfnum fulltrúaefna vera almenningi til sýnis á kjörstað, þar sem mikið ber á þeim. Þar skal og festa upp leiðbeiningar handa kjósendum með aðalákvæðum laga þessara.

15. gr.

Kosningarathöfn hefur á því, að oddviti skýrir frá, hverjir séu í kjörstjórn, hve marga eigi að kjósa í bæjarstjórn og hverja lista hann hafi fengið samkv. 11. gr. Hann sýnir atkvæðakassann, svo að það sjáist, að hann sé tómur, og lokar honum síðan. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kjörstofu með henni aðrir en fulltrúaefni, 2 umboðsmenn fyrir hvern lista, og kjósendur, er koma og fara.

Heimilt er bæjarstjórn að skifta kjósendum í deildir, enda skipar hún þá undirkjörstjórn í hverja deild, og hefir hver þeirra sinn atkvæðakassa og kjörklefa.

59 14. júní Kjósendur koma fram og kjósa í þeirri röð, er þeim sjálfum lízt, og eftir því, sem þeir komast að. Þá er kjörstjórn hefir kannast við mann og sannfært sig um, að hann hafi kosningarrétt, afhendir hún kjósanda kjörseðil. Fer kjósandi með hann inn í kjörklefa að borði því, er þar stendur, og gerir þar kross við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa. Ef hann vill breyta nafnaröð á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja, o. s. frv. Ef hann getur ekki fellt sig við eitthvert nafn á lista þeim, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá eigi með við samtaling atkvæða. Krossinn við listabókstafinn, tölustafina við nöfnin og ústrikun nafns skal hann gera með blýanti, sem kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan brýtur kjósandi seðilinn saman í sömu brot sem hann var í, er hann tók við honum, gengur svo inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum þannig samanbrotnum í atkvæðakassann, gegnum rifuna á lokinu, og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Að öðrum kosti er seðillinn ógildur, og má ekki láta hann í atkvæðakassann.

Annar meðkjörstjórinn skal hafa fyrir sér eftirrit af kjörskrá og gera merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarréttar síns, en hinn meðkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sérstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt kosningarréttar, nema hann sé sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn telur gilda ástæðu, sé ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá maður úr kjörstjórn, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal bóka í kjörbók og greina ástæður.

Ef kjörseðill rangmerkist eða skemmist eftir að kjósandi tók við hnum, þá getur hann afhent kjörstjórninni skemmda seðilinn og fengið í staðinn nýjan kjörseðil, ef seðlabirgðir eru ekki þrotnar, enda sé ekki ástæða til að ætla, að hann hafi ónýtt seðilinn af ásettu ráði.

16. gr.

Kosningarathöfn má eigi standa yfir skemur en 3 tíma, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá eru, hafi neytt kosningarréttar. Þegar sá tími er liðinn og engir kjósendur gefa sig fram, greiðir kjörstjórn sjálf atkvæði, og lýsir því þar næst yfir, að kosningarathöfn sé nú lokið, og má eigi eftir það taka við neinum atkvæðum.

Óskytt er kjósanda að skýra frá því fyrir dómi, í hvaða máli sem er, hvaða lista hann hafi kosið, eða hvort hann hafi greitt atkvæði með eða móti einhverju fulltrúaefni.

Enginn úr kjörstjórn eða nokkur sá, sem samkv. 15. gr. er staddur 59 í kjörstofunni, má gefa nokkrum kjósanda ráð meðan á atkvæðagreiðslu^{14. júní} stendur, tilvísun eða áminning um það, hvaða lista hann skuli kjósa. Enginn má heldur skýra frá því, ef hann hefir orðið áskynja um það í kjörstofunni, hvort eða hvernig einhver hefir þar kosið.

Brot gegn þessum ákvæðum varða fangelsi, eigi minna en viku einföldu fangelsi, eða sektum, ef málsbætur eru, þó eigi undir 50 krónum.

17. gr.

Talning atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar er kosningarahöfn er lokið. Oddviti kjörstjórnar opnar atkvæðakassann. Ef kjósendum er skift í kjördeildir, lætur kjörstjóri atkvæðaseðlana úr atkvæðakössum deildanna óskoðaða saman í hæfilega stórt, tómt ílát með löki yfir, og skulu seðlarnir hristir vel saman, áður en talning byrjar.

Því næst tekur oddviti upp einn og einn kjörseðil í einu og les upp listabókstaf þann, sem krossað er við á honum. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fyrirsvarsmönnum listanna og leggur síðan sammerkta kjörseðla í bunka sér, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hvað margir seðlar fara í hvern bunka.

Kjörseðill verður ógildur ef sýnt þykir, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista, skrifað nafn sitt á seðilinn, sett á hann strik, rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má, að gert sé til þess að gera seðilinn þekkjanlegan.
3. notað annan seðil en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusettt á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn ef ekki eru aðrir gallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt eftir skrá þeirri, sem haldin var samkvæmt 15. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarrjettar. Ef samtölunum ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og atkvæðaskrána, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

18. gr.

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafi náð kosningu sem bæjarfulltrúar og varafulltrúar af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast og standi útkomutölur

- 59 þessar í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar
 14. júní jafnmargar og kjósa á bæjarfulltrúa, og fær hver listi jafnmarga bæjarfulltrúa kosna sem hann á af tölum þessum. Ef eigi standa svo mörg nöfn á lista sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver bæjarfulltrúi hafi náð kosningu á hverjum lista skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, ef hann hefir eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og ef hann hefir aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sér lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá fyrirsvarsmönnum listans og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heillt atkvæði. Þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sé jafnt tölu fulltrúa þeirra, er kjósa skal, að fráðreglinni tölu þeirra fulltrúaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Síðan skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Ef sami maður hefir fengið atkvæði á fleirum en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefir mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir bæjarfulltrúar og svo margir af hverjum lista sem honum ber samkvæmt því, sem áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

19. gr.

Hver listi, sem hlotið hefir bæjarfulltrúa, hefir rétt til jafnmargra varafulltrúa, en sá listi, er ekki hefir hlotið bæjarfulltrúa, hefir ekki rétt til varafulltrúa, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varafulltrúa á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og bæjarfulltrúana, þannig, að kjörstjórn lýsir þá varafulltrúa, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem bæjarfulltrúakjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einhverjum lista fengið jafnmörg atkvæði og og þeir geta ekki báðir eða allir komizt að sem bæjarfulltrúar eða varafulltrúar, þá skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í

hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, sem dreginn er, segir þá til, hvern 14. júní skal taka. 59

20. gr.

Hreppsnefndarmenn skal kjósa í heyranda hljóði. Hver, sem neyta vill kosningarréttar verður sjálfur að sækja kjörfund og skýra munnlega frá því, hvern hann kýs eða hverja. Kjörstjórn ritar atkvæðin jafnóðum í kjörbók. Þá er allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði og þau eru öll bókuð, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyr en að minnsta kosti 2 klukkustundir eru liðnar frá því er hún hófst. Formaður kjörstjórnar les þá upp öll greidd atkvæði, en meðkjörstjórar rita þau upp og telja saman. Þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rétt kjörnir hreppsnefndarmenn. Hlutkesti ræður, ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði.

21. gr.

Rétt er að hafa hreppsnefndarkosningar leynilegar, ef hreppsnefnd ákveður eða $\frac{1}{6}$ kjósenda lýsir ósk sinni um það skriflega fyrir oddvita kjörstjórnar 2 vikum fyrir kjörfund.

Kjósendi hver kýs svo marga menn sem kjósa skal.

22. gr.

Nú hefir leynileg kosning verið ákveðin samkv. 21. gr., og skal kjörstjórn þá hafa til hæfilega marga kjörseðla, alla jafnstóra, með sama lit, gerða úr strikuðum pappír þannig:

Nr. á kjörskrá.

svo og lokaðan atkvæðakassa, með rifu á lokinu, og skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum.

Framan við nöfn manna á kjörskránni skulu standa tölurnar 1, 2, 3 o. s. frv., eftir því sem hver er í röðinni.

23. gr.

Við húsið, þar sem kosning fer fram, skal vera annað herbergi áfast, svo lagað, að eigi verði gengið í það nema úr kjörstofunni. Ef þess er eigi kostur, má tjalda fyrir eitt hornið á kjörstofunni, svo að eigi sjáist þangað.

Í kjörklefa skal vera borð, sem skrifa má við, og á því skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum, og ritblý til afnota handa kjósendum.

59

14. júní

Þá er kosning hefst, vísar formaður kjörstjórnar einum kjósanda í senn inn í kjörklefann, eftir sömu röð og kjósendur standa á kjörskrá, og fær honum einn kjörseðil.

Kjósandi fer síðan inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar, hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, er hann vill velja, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Að öðrum kosti er seðillinn ógildur, og má ekki láta hann í atkvæðakassann.

25. gr.

Kjörseðill er ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem ætla má að gert sé til þess að gera seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlinum, eða ef annar seðill er notaður.

Ef kjörseðill ónýtist hjá kjósanda, skal kjörstjórnin láta hann fá annan seðil.

Nú færir kjósandi ástæðu fyrir því, er kjörstjórn tekur gilda, að hann geti ekki vegna sjónleysis eða annarar líkamsbilunar kosið á fyrirskipaðan hátt, og skal þá maður úr kjörstjórn, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum.

26. gr.

Meðkjörstjórar skulu hafa fyrir sér hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefir neytt kosningarréttar síns.

Þá er allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er hún hófst.

27. gr.

Formaður kjörstjórnar skal þá opna atkvæðakassann, er hann hefir hrist hann rækilega. Tekur hann því næst upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp töluna eða tölurnar, sem á honum standa, og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers, sem kosinn er.

Sá eða þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rétt kjörnir.

Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

28. gr.

Hreppsnefnd tilkynnir sýslumanni jafnan kosningarúrslit.

Fyrirmæli 2.—4. málsg. 16. gr. gilda og um leynilegar kosningar 59
utan kaupstaða. 14. júní

29. gr.

Oddviti sýslunefndar ákveður hlutbundnar kosningar í hreppsnefnd, ef skrifleg krafa um það kemur frá að minnsta kosti svo mörgum kjósendum, sem samkvæmt kjörskrá mundi þurfa til þess að koma með hlutfallskosningum einum manni í hreppsnefnd þar í hreppi. Kosningar fara þá með þeim hætti, sem segir í 11.—18. gr. laga þessara.

30. gr.

Kosningar þær, er að framan segir, má kæra skriflega fyrir bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefnd utan kaupstaða, og skal kæran komin þeim í hendur innan 14 daga frá því er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fékk kærana, og hreppsnefnd kveða upp úrskurð sinn innan 14 daga og bæjarstjórn innan viku þar frá. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar, og skal áfrýjunin komin honum í hendur innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins. Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til atvinnumálaráðherra, og skal tilkynning um áfrýjunina komin innan viku til atvinnumálaráðuneytisins og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett á póst innan sama tíma.

31. gr.

Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn eða verður kosinn sérstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, í fyrsta sinni að afstöðnum bæjarstjórnarkosningum 1930, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa. Ekki hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) þannig kosinn atkvæðisrétt í bæjarstjórn eða nefndum nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Þó hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) óbundið málfrelsi og tillögu-rétt í bæjarstjórn og nefndum hennar. Ekki má kjósa bæjarstjóra (borgarstjóra) í fastar nefndir bæjarstjórnar, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi. Þó á hann sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem auka-maður, og má kjósa hann formann nefnda, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrétt.

Endurkjósa má bæjarstjóra (borgarstjóra), og setur bæjarstjórn með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, ákvæði um starfsvið hans, laun og skrifstofufé, er greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjórn kys á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara. Kosning nefnda og end-

59 urskoðenda gildir um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og 14. júní setur þeim erindisbréf.

Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík, og setja jafnframt reglur um skiftingu starfa þeirra á meðal. Ennfremur getur bæjarstjórn kaupstaðar með samþykkt ákveðið að setja sérstakt bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd vissra mál-efna bæjarins ásamt bæjarstjóra (borgarstjóra). Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

32. gr.

Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn kýs, skulu jafnan vera leynilegar og hlutbundnar, ef fleiri skal kjósa en einn mann. Skal beita hlutfallskosningu sem hjer segir: Þeir bæjarfulltrúar, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda formanni bæjarstjórnar, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A., B., C. o. s. frv., eftir því, sem hann sjálfur ákveður eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skifti fyrir öll þann kjörtíma. Síðan les formaður upp stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa bæjarfulltrúarnir þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A., B., C. o. s. frv) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir formanni, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifarar rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista, hve mörg á A., hve mörg á B. o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skift, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3, o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annari, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næst hæsta hlutatölu o. s. frv., þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hver listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð, sem þeir standa á listanum. Sé ekki stungið upp á fleiri nefndarmönnum en kjósa á, lýsir formaður þá rétt kjörna án atkvæðagreiðslu.

33. gr.

Í hreppi hverjum skal kjósa einn sýslunefndarmann til 6 ára og einn varamann til sama tíma. Sýslumaður er oddviti kjörstjórnar, og skipa hana með honum 2 hreppsþúar, er sýslunefnd kýs.

Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í

þeirra stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Til kjörfundar skal boða skriflega, með að minnsta kosti 8 daga fyrirvara. 59 14. júní

Kosningu til sýslunefnda skal haga eins og segir í 20. gr., enda má leynilega kosningu hafa samkvæmt 21.—27. gr.

Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

34. gr.

Helmingur sýslunefndarmanna og varasýslunefndarmanna gengur úr sýslunefnd 3. hvert ár, ef tala hreppa í sýslu er jöfn, en ella meiri hluti og minni hluti á víxl 3. hvert ár.

35. gr.

Nú er hreppi skift, og gengur þá sýslunefndarmaður hans og vara-sýslunefndarmaður þegar úr sýslunefnd. Á næsta manntalsþingi á eftir skal kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann í hinum nýju hreppum, og fara þeir úr nefndinni, næst er skifti verða, eftir hlutkesti, annar ef jöfn er tala hinna nýju hreppa, en ella meiri hlutinn. Sá eða þeir, er þá verða eftir, fara næst, er skifti verða.

36. gr.

Sýslunefnd er skylt að láta fara fram hlutfallskosningu við kosningar til aukaneftnda og annara starfa, er hún kys menn til, ef þess er krafizt, og fer þá um kosninguna eftir fyrirmælum 32. gr.

37. gr.

Kjósendur, sem ekki geta verið viðstaddir á kjördegi, mega neyta atkvæðisrjettar síns á skrifstofu bæjarfógeta í kaupstöðum og hjá hreppstjóra í sveitum, svo og á skipum, er úr hreppi eða kaupstað ganga, eftir sömu reglum sem gilda um kosningar til Alþingis, þegar eins stendur á.

IV. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

38. gr.

Frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, eru úr lögum numin:

Tilsk. 20. apr. 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 9. og 10. gr. og 11. gr. 2. málsg., að því leyti sem þar segir um nefndarkosningar.

Lög nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 5.—10 gr., ásamt lögum nr. 65, 14. nóv. 1917, um breyting á þeim lögum, 2.—5. gr.

Lög nr. 43, 10. nóv. 1905 (sveitarstjórnarlög), 6.—23., 55.—59. 1. málsg. og 61.—64. gr.

59 Lög nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 4.—11. gr.,
14. júní að því leyti sem þær eru enn í gildi.

Lög nr. 49, 30. júlí 1909, um breyting á lögum, er snerta kosningar-
rétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Lög nr. 19, 20. okt. 1913 um kosningar til bæjarstjórnar í kaup-
stöðum.

Lög nr. 49, 30. nóv. 1914, um breyting á tilsk. 20. apríl 1872, um
bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 1.—4. gr., að því leyti sem þær eru
enn í gildi og varða kosningar.

Lög nr. 49, 3. nóv. 1915, um viðauka við sveitarstjórnarlög frá 10.
nóv. 1905.

Lög nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 4.—11. gr.

Lög nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn í Vestmannaeyjum, 6—
13. gr.

Lög nr. 58, 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv.
1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 4.—11. gr.

Lög nr. 61, s. d. um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 4.—9. gr.

Lög nr. 19, 19. júní 1922, um breyting á tilsk. um bæjarstjórn í
kaupstaðnum Reykjavík 20. apr. 1872.

Lög nr. 30, 4. júní 1924, um kosningar í bæjarmálum Reykjavíkur.

Lög nr. 33, 27. júní 1925, um viðauka við lög nr. 22, frá 8. okt. 1883,
um bæjarstjórn á Akureyri.

Ennfremur falla úr gildi þessi ákvæði:

Lög nr. 65, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 22, 8. okt. 1883,
um bæjarstjórn á Akureyri. 3. málsg. 1. gr.

Lög nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn í Vestmannaeyjum, 3. gr.
2. málsg. og 1. málsg. sömu greinar, að svo miklu leyti sem hún kemur
í bág við lög þessi.

Lög nr. 61, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 2. gr. síð-
ari málslíður 1. málsg. og 2. málsg.

Lög nr. 48, 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norð-
firði, 7. gr.

Svo og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bág við ákvæði
laga þessara.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.